

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjöld fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Strandabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Strandabyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Strandabyggð og hreinsun rotþróa í Strandabyggð samkvæmt gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 808/2012 um fráveitur og meðhöndlun seyru í Strandabyggð.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja íbúð og sumarhús sem ekki er tengt fráveitu sveitarfélagsins skal vera árlega 18.030 kr. Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða 3.420 kr.

4. gr.

Tengigjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við fráveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:

Tengigjald fráveitu 71.175 kr.

Miðað er við að lóðarhafi leggi frárennsli að lóðarmörkum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra áhaldahúss Strandabyggðar.

5. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Ákvörðun um fráveitugjald samkvæmt 2. gr. er tekin árlega af sveitarstjórn samhliða ákvörðun um álagningarstuðla fasteignagjalda. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu grunnur 2021=100 og breytast samkvæmt henni 1. janúar ár hvert. Gjöld fráveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

7. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 10. desember 2024 og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 4. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 203/2024.

Strandabyggð, 18. desember 2024.

Þorgeir Pálsson sveitarstjóri.